

2104460



FRELSI ÁBYRGÐ VELLÍÐAN ÁRANGUR

Garðabær, 19. apríl 2021

Hæstvirtu bærarstjóri, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og deildarstjóri skóladeildar.

Erindi þetta er ritað til að koma á framfæri áhyggjum mínum varðandi aðbúnað nemenda og starfsfólks Garðaskóla. Ýmislegt er nauðsynlegt varðandi viðhald skólans, en ég mun halda áfram að eiga samtal við fulltrúa eignasviðs vegna þess. Þetta erindi snýst fyrst og fremst um að núverandi skólalúsnæði er of lítið til að fullnægja framtíðarþörfum nemenda og starfsfólks Garðaskóla.

Í skólalúsnæði Garðaskóla eru 18 almennar kennslustofur, þrjár náttúrufræðistofur, fjórar list- og verkgreinastofur og tvö útihús. Í dag er annað útihúsið nýtt undir Garðahraun og þess vegna takmarkast notkun okkar á húsinu við sérkennslu og vinnu með litlum hópum. Að auki erum við með eina tölvustofu, gluggalausa, í fullri stærð, tvær minni tölvustofur og nokkur minni rými sem notuð eru sem vinnuherbergi kennara eða fyrir sérkennslu.

Í dag eru 548 nemendur í Garðaskóla í 24 umsjónarökkjum sem skiptast niður á árganga með eftirfarandi hætti:

Tafla 1: Nemendafjöldi í Garðaskóla þann 19. apríl 2021

Árgangur	Fjöldi nemenda	Fjöldi umsjónarhópa
2007	200	9
2006	171	7
2005	177	8
Samtals	548	24

Til þess að koma öllum umsjónarökkjum fyrir í vetur nýtum við allar almennu kennslustofurnar, náttúrufræðistofurnar, tvær list- og verkgreinastofur auk Útihúss 1 sem umsjónarstofu fyrir nemendur. Fjöldi umsjónarhópa segir hins vegar ekki alla söguna, því af mörgum ástæðum þurfum við oft að skipta árgöngum í fleiri námshópa. T.d. eru kennslustofurnar þrjár sem við kennum dönsku í það litlar að við skiptum nemendahópnum í fleiri dönskuhópa heldur en umsjónarhópa. Þannig skiptast nemendur fæddir 2006 í 8 dönskuhópa og nemendur fæddir 2005 skiptast í 9 dönskuhópa.

Í vetur er staðan þannig að það hefur verið mjög þröngt um okkur og við höfum lent í vandræðum með að finna kennslurými fyrir sérkennsluhópa auk þess sem kennarar lenda oft í vandræðum með að finna sér vinnuáðstöðu. En við höfum náð að bjarga okkur með útsjónarsemi, m.a. með því að nýta eina skrifstofu á stjórnendaganginum undir sérkennslu.

Ef við lítum fram á veginn má sjá að nemendum mun fjölga í Garðaskóla á næsta skólaári. Miðað við skráningar í skólann er ljóst að umsjónarökkjum mun fjölga um einn.

*Tafla 2: Áætlaður nemendafjöldi í Garðaskóla veturinn 2021-2022
(miðað við skráningar í skólann þann 19. apríl 2021)*

Árgangur	Fjöldi nemenda	Fjöldi umsjónarhópa
2008	200	9
2007	200	9
2006	171	7
Samtals	571	25

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.03.2026



FRELSI ÁBYRGÐ VELLÍÐAN ÁRANGUR

Þessi fjölgun gerir það að verkum að það er nauðsynlegt fyrir okkur að fá Útíhús 2, þar sem Garðahraun er núna með aðstöðu, til fullra umráða frá og með næsta hausti. Garðahraun þarf því að fá nýja aðstöðu og er það mál komið í góðan farveg. Það leysir hins vegar ekki þau vandamál sem fylgja því að tvær list- og verkgreinastofur eru umsjónarstofur.

Skólaárið 2022-2023 verður vandamálið orðið enn stærra. Ef við miðum við að allir nemendur fæddir árið 2009 sem eru í Flataskóla og Hofstaðaskóla komi í Garðaskóla auk helmings nemenda í Sjálandsskóla er ljóst að nemendafjöldi í Garðaskóla mun fara í um 600 nemendur og umsjónarþekkir í skólanum verða orðnir 27, og þar með ljóst að við höfum ekki umsjónarstofu fyrir hvern bekk að óbreyttu og ómögulegt verður fyrir okkur að koma allri kennslu fyrir innan hefðbundins skólatíma.

Tafla 3: Áætlaður nemendafjöldi í Garðaskóla veturinn 2022-2023
(miðað við skráningar í skólann þann 19. apríl 2021)

Árgangur	Fjöldi nemenda	Fjöldi umsjónarhópa
2009	199*	9
2008	200	9
2007	200	9
Samtals	571	27

*ATH að í þessari tölu er ekki gert ráð fyrir neinum nemanda úr Urriðaholti né af Álftanesi.

Vert er að taka fram að það er ekki eingöngu skortur á kennslustofum sem ég hef áhyggjur af. Nú þegar búa nemendur við mikil þrengsli í matsal, hafa aðgengi að of fáum salernum¹ og anddyri skólans eru of lítil fyrir þann fjölda nemenda, og fjölda skópara, sem nú eru í húsi. Kennarar búa sömuleiðis við mikil þrengsli og er það dagleg sjón að sjá kennara fara yfir próf og verkefni á kaffistofunni.

Að ofangreindu má sjá að nauðsynlegt er að stækka skólahúsnæði Garðaskóla og tel ég mikilvægt að hefja undirbúning að þeirri vinnu sem fyrst. Samhliða stækkun sé ég fyrir mér að taka í burtu litlu grasblettina á skólalóðinni sem snúa að Flataskóla (moldarflag er þó meira réttnefni yfir þessi svæði) og helluleggja þau og koma fyrir grindum þar sem nemendur geta geymt hjólin sín. Ég tel það ekki vera framtíðarlausn að fjölga færanlegum kennslueiningum við skólann þar sem Garðabær mun stækka mikið á næstu árum, gangi íbúaspár eftir. Ég átta mig á að fjölgun íbúa í Garðabæ mun vera mest í Urriðaholti en þó er ljóst að uppbygging í Lyngási og í Hnoðraholti mun skila sér í fjölgun nemenda hjá okkur.

Ég óska eftir samtali um framtíð Garðaskóla þar sem mig langar að kynna fyrir ykkur betur þær hugmyndir sem við höfum varðandi stækkun skólans.

Kv.

Jóhann Skagfjörð, skólastjóri

¹ Í reglugerð um hollustuhætti segir að salerni eigi að vera að lágmarki 12 fyrir 500 nemendur og að lágmarki 14 fyrir 600 nemendur. Í dag erum við með 11 salerni fyrir nemendur.